

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfir-fasteignamatshnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 31. desember nk. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða, svo og matsverð bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum og matsverð hlunninda, sbr. þó staflíði b, c, d og e, hækki um 12% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,12.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Siglufirði og Búðum í Fáskrúðsfirði svo og matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða í Reykjavík, Kópavogi, á Seltjarnarnesi, í Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, á Álftanesi, í Reykjanesbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, á Akureyri, Selfossi og í Hveragerði og ennfremur matsverð sumarhúsa og sumarhúsalóða á Suður- og Suðvesturlandi frá og með Rangárþingum að og með Skorradalshreppi svo og í Svalbarðsstrandarhreppi, Fnjóskadal og Aðaldælahreppi hækki um 20% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,20.
- c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Seltjarnarnesi, í Stykkishólmi, á Blönduósi, Eyrarbakka, Stokkseyri og í þéttbýli í Snæfellsbæ hækki um 16% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,16.
- d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Akranesi, í Búðardal, á Patreksfirði, Tálknafirði, Bildudal, í Grímsey, á Kópaskeri, Raufarhöfn, Bakkafirði og Hornafirði svo og matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða (annarra en útihúsa á bújörðum) á Snæfellsnesi, í Dalabyggð, á Þórshöfn, í Vopnafjarðarhreppi og á Suður- og Suðausturlandi frá og með Mýrdalshreppi að og með Breiðdalshreppi hækki um 6% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,06.
- e. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða (annarra en útihúsa á bújörðum) á Vestfjörðum frá og með Reykhólahreppi að og með Strandabyggð, í Grímsey, Fjallabyggð, Norðurþingi (að frátalinni Húsavík), Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi, Langesbyggð (að frátaldinni Þórshöfn) og í Vestmannaeyjum verði óbreytt og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,00.

Við framreikning ársins á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2006 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatshnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatshnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem

við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppfléttingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 31. desember 2007.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 1071 frá 15. desember 2006.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2007.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Hafsteinn S. Hafsteinsson.